



Borgarráð

Erindisbréf samninganefndar vegna Keldna og Keldnaholts

Lagt er fram til kynningar drög að erindisbréfi samninganefndar vegna Keldna og Keldnaholts. Borgarráð hefur áður samþykkt erindisbréf stýrihóps um þróun Keldna og Keldnaholts og dómnefndarfulltrúa vegna samkeppni.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf samninganefndar vegna Keldna og Keldnaholts, drög.



ERINDISBRÉF

Starfshópur um uppbyggingu vegna þróunar og uppbyggingar Keldnlands og Keldnaholts

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjóri.

Inngangur:

Þann 28. apríl s.l. undirrituðu Reykjavíkurborg og Betri samgöngur ohf. viljayfirlýsingu um samstarf vegna þróunar og uppbyggingar Keldnlands og Keldnaholts og flýtingu uppbyggingar innviða tveggja Borgarlínuleiða. Viljayfirlýsingin tekur til samstarfs um þrjá þætti, þ.e. að efna efna til samkeppni um þróun Keldnlands og Keldnaholts, að flýta uppbyggingu innviða tveggja Borgarlínuleiða, annars vegar frá Krossamýrartorgi að Keldnaholti og hins vegar frá Vogabyggð í Efra Breiðholt og að vinna að samkomulagi um uppbyggingu þar sem fram kemur hvar eignarhald á landi og mannvirkjum verður til framtíðar og hver sér um framkvæmdir og kostnað á götum, leikskólum, skólum og öðrum innviðum. Viljayfirlýsingin byggir á samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og ríkið undirrituðu í september árið 2019. Þá var ein af forsendum lífskjarasamninganna sem undirritaðir voru í apríl 2019 að ríkið og Reykjavíkurborg kæmust að samkomulagi um að hefja skipulagningu Keldnlands og Keldnaholts. Þróun á Keldnalandi og Keldnaholti miðast við ákvæði aðalskipulags um blandaða íbúðabyggð og atvinnustarfsemi á svæðinu til framtíðar.

Hlutverk og helstu verkefni:

Að vinna að samkomulagi við Betri samgöngur ohf. um uppbyggingu vegna þróunar og uppbyggingar Keldnlands og Keldnaholts í samræmi við viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Betri samgangna ohf. 2022, almenn samningsmarkmið Reykjavíkurborgar, samninga ríkis og borgar um húsnæðismál og samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Helstu verkefni eru eftirfarandi:

- Setja sér samningsmarkmið um verkefnið og leggja fyrir borgarráð.
- Vinna að samkomulagi um framfylgd skipulags og uppbyggingu þar sem m.a. kemur fram:
 - hvar eignarhald á landi og mannvirkjum verður til framtíðar,
 - hver sér um framkvæmdir og fjármögnun þeirra, kostnað á götum, leikskólum, skólum og öðrum innviðum.
 - hvernig tryggt verði að félagsleg blöndun og markmið húsnæðisáætlunar Reykjavíkurborgar,
 - hvernig staðið verður að áfangaskiptingu og leikreglur um lóðaúthlutun, sbr. ofangreint
 - að flýta uppbyggingu innviða tveggja Borgarlínuleiða, annars vegar frá Krossamýrartorgi að Keldnaholti og hins vegar frá Vogabyggð í Efra Breiðholt
- Kostnaðargreining innviða og skipulagslags á grundvelli samkeppnistillögu.



Reykjavíkurborg

Starfshópurinn skipa:

Fulltrúi lögfræðiteymis á SBB
Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs
Fulltrúi eignaskrifstofu
Fulltrúi framkvæmda- og viðhalds

Til ráðgjafar

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.
Nefndinni er heimilt að leita aðstoðar utanaðkomandi ráðgjafa við störf sín.

Starfstímabil:

Starfshópurinn starfi frá 8. desember 2022 til 8. desember 2023.

Reykjavík, [dags.]

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri